

KIRKJUGARÐARÁÐ

35. fundur Kirkjugarðaráðs haldinn í Biskupsstofu miðvikudaginn 2. nóvember 2005.

Fundinn sátu: Ragnhildur Benediktsdóttir formaður, Guðmundur Rafn Sigurðsson, Sigurgeir Skúlason, Smári Sigurðsson, Valtýr Valtýsson, Þórsteinn Ragnarsson og Gunnar Bollason í fjarveru Kristínar Huldar Sigurðardóttur og ritaði hann fundargerð.

Við umræður um annan dagskrárlið (greiðslu grafarkostnaðar úr Kirkjugarðasjóði) sátu fundinn Unnur Guðlaugsdóttir aðalbókari Biskupsstofu og Arnfinnur Einarsson frá KGRP.

Fundurinn hófst klukkan 14:00. Lagt var til að tekinn yrði fyrir annar dagskrárliður, svo Unnur og Arnfinnur gætu farið fyrr af fundinum.

1. Greiðsla grafarkostnaðar úr Kirkjugarðasjóði

Kirkjugarðastjórnir senda upplýsingar um fjölda greftrana í tölvugrunn Arnfinns sem kemur upplýsingunum svo til Unnar sem sér um greiðslu til kirkjugarðanna. Guðmundur bað Arnfinn og Unni að leggja mat á það ferli og hver staðan væri í þessu efni. Arnfinnur lýsti því hvernig rafrænt eyðublað væri fyllt út og sent í sameiginlega gagnagrunn (innsendar jarðsetningarskýrslur). Upplýsingarnar eru sendar á gardur.is Arnfinnur tekur þessar upplýsingar saman u.þ.b. einu sinni í mánuði og sendir áfram til Unnar. Unnur nefndi að greitt væri fimmtánda dag hvers mánaðar eftir að upplýsingarnar berast. Þórsteinn lagði til að kirkjugörðunum yrði tilkynnt að frestur til að skila inn upplýsingum væri við mánaðamót. Smári spurði hver staðan væri í peningamálunum. Unnur svaraði því til að 27 milljónir væru komnar inn, en greiddar hefðu verið 17 milljónir. Unnur lagði á það áherslu að hún þyrfti að fá sem mest frá árinu 2005 sent til sín á þessu ári, svo greiðslurnar færu á rétt reikningsár.

Fundurinn samþykkti að senda skyldi bréf til kirkjugarðastjórnanna þar sem skil yrðu ítrekuð. Þórsteinn lagði til að sett yrðu ströng tímamörk og nefndi sem dæmi að ef upplýsingar um fjölda jarðsetninga hefðu ekki borist fyrir mars 2005 féllu greiðslur niður. Formaður nefndi að þetta þyrfti að kanna þar sem hér væri um að ræða lögbundin gjöld. Guðmundur Rafn spurði hvort ástæða væri til að senda út leiðbeiningar um hvernig fylla ætti út eyðublöðin. Smári sagði að kirkjugarðastjórnirnar gætu alveg eins sent þetta í pósti. Guðmundur Rafn spurði hvaða aðili ætti að senda bréfið og svaraði formaður því til að Kirkjugarðaráð ætti að senda það. Taldi fundurinn að senda skyldi bréfið til kirkjugarðastjórna og prófasta. Smári lagði áherslu á að búa þyrfti tölvukerfið þannig úr garði að upplýsingarnar dagi ekki uppi í fjarveru Arnfinns, s.s. vegna sumarfría. Arnfinnur lagði til að Helgu Oddsdóttur yrði falið að halda utan um þessi mál. Þórsteinn spurði hvort hægt væri að einfalda kerfið á einhvern hátt. Smári sagði að notendaviðmótið væri mjög einfalt og þægilegt. Arnfinnur sagði að hægt væri að búa svo um hnúta að Unnur gæti sjálf sótt skjalið í grunninn. Þórsteinn taldi að setja ætti í bréfið að tilkynna ætti til Biskupsstofu ef breytingar yrðu á bankareikningum hjá

kirkjugarðastjórnnum. Unnur varpaði fram þeirri spurningu hvort það væri hlutverk Biskupsstofu að leita réttar upplýsingar uppi ef einhver aðili gefur upp rangt reikningsnúmer. Þórsteinn taldi að svo væri.

Arnfinnur og Unnur fóru af fundi klukkan 14:35.

1. Fundargerðir síðustu funda

Farið var yfir fundargerðir. Formaður spurði Þórstein hvernig hefði farið með breytingartillöguna. Þórsteinn sagði að 7. greininni hefði verið breytt. Hún hefði verið felld út og ný komið inn í staðinn. Formaður fjallaði um framkomna tillögu um flutning starfa frá Biskupsstofu út á land. Formaður sagði að málið hefði verið tekið fyrir á Kirkjuþingi sem hefði vísað því aftur til Kirkjuráðs. KEA vill setja fjármuni í verkefnið ef Biskupsstofa kemur með fjögur ný stöðugildi í þetta. Rætt hefur verið um að þetta gæti komið sér vel fyrir Prestssetrasjóð þar sem mikil ferðalög eru hjá starfsmönnum sjóðsins. Málið mun verða geymt til næsta Kirkjuþings. Varðandi fundargerð 33. fundar benti Smári á að KEA hefði ekki sent biskupi erindi, heldur hafði KEA samband við biskup um hugmyndir. Fundargerðir 33. og 34. fundar voru svo samþykktar með áorðnum breytingum.

2. Hver á að borga hvað?

Hér vísast til töflu með sama titli sem lögð var fyrir fundinn. Í fyrsta lið töflunnar var gert ráð fyrir að minningarathöfn sé á einum stað [breytt úr „...í bænum...“ innsk. GB] með moldun og að kista/duftker sé jarðsett annars staðar [breytt úr „...sent út á land og jarðsett þar.“ innsk. GB] og greiðir þá kirkjugarður. Fjallað var um þá stöðu þegar að athöfninni koma tveir prestar. Annar moldar og hinn jarðsetur. Þórsteinn benti á að kirkjugarður borgi en aðstandendur borgi flutning. Presturinn sem jarðar fær borgað. Þórsteinn nefndi að fremur ætti að nota orðið útför en minningarathöfn. Ef haldin er kveðjuathöfn er ekki moldað, heldur er kistan flutt út á land og moldað í kirkju eða í kirkjugarði. Presti þeim sem moldar er greitt af kirkjugarði.

Minningarathöfn og flutningur greiðist af aðstandendum. Þórsteinn benti á að með orðinu útför væri annað hvort átt við jarðarför eða bálför. Þar kæmi einnig til kveðjuathöfn, ef jarðneskar leifar eru til staðar, og minningarathöfn, ef sú væri ekki raunin. Smári gat þess að stundum hafi hann þurft að standa í nokkru stappi við presta varðandi greiðslur því stundum hafi verið tvímoldað og hafi þá báðir farið fram á greiðslu. Þórsteinn taldi að biskup þyrfti að senda út leiðbeinandi bréf. Þess var enn getið að aðstandendur sjá alltaf um flutning. Smári benti á að gjaldið væri tvískipt; vegna kistulagningarbænar og útfarar. Taldi hann að ef aðstandendur nýttu sér þjónustu tveggja presta ættu aðstandendur að greiða fyrir þjónustu annars þeirra. Þórsteinn nefndi að kirkjugarður greiddi aðeins þar sem væri moldað og taldi að biskup þyrfti gefa þetta út sem reglu.

Í öðrum lið töflunnar var spurt hver ætti að greiða ef kista/duftker kemur erlendis frá og jarðsett er hér á landi. Þórsteinn sagði þetta liggja ljóst fyrir. Ef einstaklingurinn er í þjóðskrá, þá borgar kirkjugarðurinn þjónustu prests og greftrun. Ef um erlendan ríkisborgara er að ræða, þá greiða aðstandendurnir.

Í þriðja lið töflunnar var spurt hver eigi að greiða ef minningarathöfn er haldin hér en kista send úr landi. Hér var talið að aðstandendur greiddu þar sem kirkjugarðurinn fær ekki tekjur. Þórsteinn nefndi að biskup þyrfti að gefa það út að moldun skuli fara fram þar sem grafið er.

Í fjórða lið töflunnar var spurt um greiðanda ef einstaklingur deyr erlendis og er jarðsettur erlendis, en minningarathöfn er haldin hér á landi, og var fundurinn sammála um að þá greiddu aðstandendur fyrir athöfnina.

3. Styrkur vegna flutnings til bálfarar

Fjallað var um framkomna styrkbeiðni vegna flutnings kistu utan af landi til bálfarar í Reykjavík. Fram kom að ef Kirkjugarðasjóður ætti að greiða fyrir slíkan flutning þyrfti að koma til ákveðið gjald eftir kjördæmum. Valtýr taldi að slíkt gæti aldrei gengið, heldur yrði það að vera kílómetragjald. Valtýr og Smári töldu að ef orðið væri við þessu væri gefið ákveðið fordæmi. Valtýr kom með þá hugmynd að greiða mætti styrk í réttu hlutfalli við radíus frá Reykjavík. Þórsteinn taldi að hvatinn lægi hjá kirkjugarðinum, þar sem um væri að ræða sparnað fyrir hann. Guðmundur Rafn stakk upp á að í stað þess að sjóðurinn greiddi styrki fengi garðurinn styrk úr jöfnunarsjóði eftir fjarlægð. Hver sér þannig um sína í héraði. Valtýr nefndi að vandi gæti skapast ef allir vildu þjónustu líkbíls. Var talið eðlilegast að þá greiddu aðstandendur slíkt. Fundurinn ákvað að fresta þessum lið og að umræður um hann yrðu teknar upp í KGSÍ.

8. Önnur mál

Þegar hér var komið sögu var ákveðið að taka fyrir 8. liðinn, önnur mál, þar sem Valtýr þurfti að fara af fundi skömmu síðar. Kirkjugarðaráði barst beiðni um leyfi til að reisa minnismerki á Dómadalsleið. Fundurinn var sammála um að Kirkjugarðaráð hefði ekkert með málið að gera og var framkvæmdastjóra þess falið að aðstoða beiðanda við að hafa samband við rétta aðila.

Hér var gert kaffihlé.

4. Kynning á vinnu nefndar um siðareglur o.fl.

Hér var Valtýr farinn af fundi. Þórsteinn kynnti ítarlega breytingatillögur við lög um kirkjugarða. Meðal annars er lagt til að í 1. grein komi inn að hinn látni skuli fluttur í líkhús. Ef slíkt er ekki fyrir hendi úti á landi skal hann fluttur þangað sem aðstaða er sómasamleg. Nýmæli eru einnig að útför skuli fara fram innan 14 daga eftir andlát. Í þriðju grein kemur inn að lík skuli vera í klæðum og kistu. Fimmta greinin fjallar um flutning kistu og kerja. Dómsmálaráðuneytið setji þar um skýrar reglur. Nýr kafli verður í lögnum „Um útför og þá sem koma að útförum og þjónustu við látna og aðstandendur þeirra.“ Smári taldi að með því að setja í lög að kirkjugarðar verði að hafa duftgarð sé verið að íþyngja kirkjugörðunum. Breyting verður á lögnum þannig að tveir fulltrúar eru tilnefndir af KGSÍ. Greint verður milli greftrunar- og útfararkirkju. Smári benti á að með breytingu á 20. grein laganna geti sóknarnefnd ákveðið að gera kirkju að greftrunarkirkju og varpað þannig viðhaldsábyrgð yfir á kirkjugarðsstjórnir. Þórsteinn fór yfir siðareglur. Þar kom meðal annars fram að sá sem starfrækir útfararþjónustu skal sækja sérstakt námskeið.

6. Útkoman á NFFK-ráðstefnunni

Þórsteinn upplýsti að hallinn væri um fjórar milljónir króna. Að öðru leyti var þessum lið frestað til næsta fundar.

7. Ósk Lágafellssóknar um fund með Kirkjugarðaráði.

Sóknarnefndin vill funda með Kirkjugarðaráði um framkvæmdir og fjármál.
Ákveðið var að bjóða nefndinni á næsta fund Kirkjugarðaráðs sem haldinn verður á sama stað mánudaginn 12. desember 2005 og hefst klukkan 15:00.

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið klukkan 17: 30.

Ragnhildur Benediktsdóttir,
formaður

Gunnar Bollason,
ritari